

Nr. 087 / 11 Helgafell***Skipverji slasast á hendi***

IMO.nr. 9306017
Fánaríki: Færeyjum
Smíðaður: Hamborg 2005, stál
Stærð: 8830 GT
Mesta lengd: 137,53 m
Breidd: 21,55 m *Dýpt:* 8,50 m
Vél: MAN 7 L 48/60 B, 8400 KW
Fjöldi skipverja: 11



Helgafell©Hilmar Snorrason

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 20. júní 2011 var Helgafell við bryggju í Kollafirði í Færeyjum.

Skipverji sem var að vinna við losun og lestun klemmdist á vísifingri hægri handar þegar hann hafði losað stýriflaug úr gámagriplu (spreddi) og var að setja hana niður. Hann leitaði læknis í Þórshöfn þar sem sárið var saumað.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá slasaða að hann hefði ekki hugað að sér og tekið hendina frá þegar hann setti stýriflauginu niður.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.